

66. kirkjuþing 2024-2025

33. mál – þskj. 33a

T I L L A G A

til þingsályktunar um málefni landsbyggðarinnar í ljósi prestaskorts.

Flm. Benjamín Hrafn Böðvarsson, Einar Már Sigurðarson, Guðni Már Harðarson, Jóhanna Gísladóttir, Margrét Eggertsdóttir, Ólafur Gestur Rafnsson, Þuríður Björg W. Árnadóttir.

Kirkjuþing 2024-2025 samþykkir að skipa fimm manna starfshóp sem hefur það hlutverk að kanna hvaða leiðir eru færar til þess að mæta málefnum landsbyggðarinnar í ljósi prestaskorts. Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum á vorþingi 2025.

Greinargerð.

Staða safnaða þjóðkirkjunnar á landsbyggðinni er orðin alvarleg. Flutningsmenn eru sammála um að nú er ekki lengur hægt að tala um að framundan sé yfirvofandi prestaskortur heldur að skortur á vígðum þjónum sé raunveruleiki sem landsbyggðin stendur nú frammi fyrir.

Af einhverjum ástæðum virðist prestaskorturinn hafa mest áhrif á söfnuði á landsbyggðinni en það reynist söfnuðum víða afar erfitt að ráða til sín prest. Þar af leiðandi hefur þjónusta kirkjunnar á landsbyggðinni dregist saman þar sem starfandi prestar þjóna nú í auknum mæli stærra svæði en ráðning þeirra og skipulag þjónustunnar gerir ráð fyrir.

Það er löngu orðið ljóst að þjóðkirkjan er ein af grundvallarstöðum samfélagsins sem sýnir sig best þegar áföll dynja yfir í samfélaginu. Samkvæmt 3. gr. laga um þjóðkirkjuna ber þjóðkirkjunni „að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni.“ Það er því skylda kirkjuþings að finna leiðir til þess að leysa þennan vanda svo hægt sé að standa við þessa grein þjóðkirkjulaganna.

Flutningsmenn telja að það skorti hvata fyrir presta til þess að setjast að á landsbyggðinni og starfa þar en fjölmargir þættir hafa þar áhrif. Sem dæmi má nefna húsnaðismálin. Nú hefur prestsbústöðum fækkað verulega og því þurfa verðandi prestar oft að verða sér út um húsnaði á þéttbýlum stöðum á landsbyggðinni sem getur reynst þeim erfitt því oft er lítið um húsnaði í boði, hvort sem það er til leigu eða til kaupa.

Önnur breyta sem vafalaust hefur áhrif eru laun presta á landsbyggðinni. Þau eru í flestum tilfellum lægri en laun presta á höfuðborgarsvæðinu og að auki er minna um aukaverk. Aksturinn er hins vegar þeim mun meiri með tilheyrandi kostandi sem og sú staðreynd að íbúar á landsbyggðinni þurfa oft að greiða hærri kostnað til að sækja nauðsynlega þjónustu í þéttbýli eða

í höfuðborginni, svo sem sérhæfða læknþjónustu. Nýr kjarasamningur presta sem samþykktur og undirritaður var sl. sumar gerir lítið sem ekkert til að jafna þennan mun.

Flutningsmenn telja að það sé ekki einungis skortur á hvata sem er hluti af vandamálinu heldur að hugsanlega séu of strangar kröfur gerðar um embættisgengi. Skoða þarf leiðir sem við finnum dæmi um í nágrennalöndunum um hvernig kirkjur þar hafa mætt þessu vandamáli og kanna hvort þær leiðis séu færar hér á landi.

Flutningsmenn telja að brýnt sé að bregðast við fljótt og örugglega. Mikilvægt er að starfshópurinn verði skipaður verði fjölbreyttum hópi fólks sem hefur góða þekkingu á málaflokknum. Flutningsmenn telja mikilvægt að í starfshópnum séu, ásamt þremur kirkjuþingsfulltrúum sem hafa góða þekkingu á málaflokknum, verði skipaðar annars vegar fulltrúa úr Prestafélagi Íslands og hins vegar fulltrúa úr Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Áætlaður kostnaður starfshópsins er 400.000 krónur.